

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 79/2017

2019/EES/11/12

frá 5. maí 2017

## um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1914 frá 31. október 2016 um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB og 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í þeirri röð, að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði plantna skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við 14. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB) og 15. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB) í 1. hluta III. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 L 1914:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1914 frá 31. október 2016 (Stjtið. ESB L 296, 1.11.2016, bls. 7).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdartilskipunar (ESB) 2016/1914, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. maí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 296, 1.11.2016, bls. 7.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. maí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.